



Hljóðbókasafn Íslands

Bókasafn fyrir blinda, sjónskerta
og prentleturshamlada

STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN HLJÓÐBÓKASAFNS ÍSLANDS

2022-2025

STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN 2022-2025

HLJÓÐBÓKASAFN ÍSLANDS:

Marín Guðrún Hrafnadóttir,
forstöðumaður
Digranesvegi 5
200 Kópavogi

ÞÁTTAKENDUR:

Alfreð Halldórsson
Einar Hrafnsson
Gunnar Grímsson
Hafþór Ragnarsson
Hulda Pétursdóttir
Ingunn Helga Gunnarsdóttir
Kristinn Halldór Einarsson
Marín Guðrún Hrafnadóttir
Sigrún Huld Auðunsdóttir
Sigrún Pétursdóttir
Snævar Ívarsson

RÁÐGJÖF:

Anna Sigurborg Ólafsdóttir,
stjórnunarráðgjafi og framtíðarfræðingur

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Skipurit Hljóðbókasafns Íslands	6
Stöðumat	7
I. Lögbundið hlutverk og meginmarkmið	7
II. Staðfest stefnumiðuð áætlun ríkisaðila	9
Gildi Hljóðbókasafns Íslands	11
SVÓT-greining: Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri	12
Framtíðarsýn fyrir árið 2025	15
I. Þjónusta	15
II. Tækni	15
III. Lögbundið hlutverk.....	17
IV. Ímynd	17
Aðgerðaáætlun til 2025 og eftirfylgni	18



Starfsfólk Hljóðbókasafnsins á stefnumótunarfundi þann 1. desember 2021 á Grand hóteli.


Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum og námsbókum. Þannig uppfyllir safnið fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi til náms. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki.

Stefnumótunarfundur starfsfólks Hljóðbókasafns Íslands var haldinn á Grand hóteli þann 1. desember 2021. Anna Sigurborg Ólafsdóttir stjórnunarráðgjafi stýrði fundinum. Þátttakendur voru Alfreð Halldórsson, Einar Hrafnsson, Gunnar Grímsson, Hafþór Ragnarsson, Hulda Pétursdóttir, Ingunn Helga Gunnarsdóttir, Marín Guðrún Hrafnisdóttir og Sigrún Pétursdóttir.

Í upphafi fundar gerðu allir þátttakendur grein fyrir sínum störfum og verkefnum. Að því loknu hófst stöðumat og fór Marín Guðrún Hrafnisdóttir forstöðumaður yfir lögbundið hlutverk og meginmarkmið Hljóðbókasafnsins. Gildi voru mótuð og gerð SVÓT-greining en þá eru styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri skoðuð. Í lokin var unnin framtíðarsýn til ársins 2025 á grundvelli hlutverks, stefnu, gilda, SVÓT-greiningar og meginmarkmiða Hljóðbókasafnsins.

Í kjölfar stefnumótunarfundar með öllum starfsmönnum voru tveir fundir með samráðshópi Hljóðbókasafnsins. Á fundina mættu, auk Marínar Guðrúnar Hrafnisdóttur forstöðumanns og Önnu Sigurborgar Ólafsdóttur stjórnunarráðgjafa, þau Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins og formaður samráðshóps, Snævar Ívarsson, framkvæmdastjóri Félags lesblindra, og Sigrún Huld Auðunsdóttir frá Félagi sérkennara.

Skipurit Hljóðbókasafns Íslands



Stöðumat

I. Lögbundið hlutverk og meginmarkmið

Hljóðbókasafn Íslands var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands. Hljóðbókasafn Íslands starfar eftir reglugerð um safnið frá árinu 2013, bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972. Stofnunin er viðurkennd eining í skilningi 3. töluliðar 19. gr. a höfundalaga og er heimilt skv. 2. mgr. 19. gr. c höfundalaga að nota verk og annað efni sem nýtur verndar skv. höfundalögum á þann hátt sem þar greinir.

Hljóðbókasafn Íslands fellur undir málaflokkinn safnamál sem heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneyti. Safnið hefur það lögbundna hlutverk að veita þeim hópi fólks bókasafnsþjónustu sem ekki getur lesið prentað mál skv. skilgreiningu ákvæða 19. gr. b – 19. gr. e í höfundalögum. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Safnið er ekki opið öllum og þurfa lánþegar að skila inn vottorði um lestrarhömlun.

Safnið er í sífelldri þróun í samræmi við tæknilegar framfarir, sem m.a. kallar á virka þátttöku í erlendu samstarfi, aðallega norrænu. Þá er lögð áhersla á gott samstarf við rithöfunda og útgefendur og hafa kaup á hljóðbókum af útgefendum aukist. Auk bótageiðslna sem safnið greiðir til rithöfunda þegar bók er gerð aðgengileg fá rithöfundar, frá árinu 2020, einnig greitt skv. útlánum í gegnum Bókasafnssjóð höfunda.

Skipting heildarútgjalda á árinu 2022 er áætluð þannig að 33% fara í kjarnastarfsemina, 48% í launakostnað, 10% í húsnæðiskostnað og 9% í annan rekstrarkostnað. Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi, þaðan sem það þjónar öllu landinu. Á safninu eru sjö starfsmenn í fullu starfi. Safnið skiptist í tvær deildir, útlána- og upplýsingadeild og framleiðslu- og tæknideild.

Útlána- og upplýsingadeild aðstoðar lánþega í öllum samskiptum við safnið og starfsfólk tekur þátt í að þróa leiðir til bættrar þjónustu. Þjónusta deildarinnar er félagsleg í eðli sínu og byggir á persónulegri nálgun sem stuðlar markvisst að því að rjúfa einangrun og efla þannig lífsgæði þeirra sem ekki geta lesið prentað mál.

Framleiðslu- og tæknideild annast framleiðslu á efni safnsins og tryggir að viðeigandi tækni til framleiðslunnar sé notuð hverju sinni. Meginhlutverk deildarinnar er að breyta prentuðu efni í aðgengilegt form til blindra, sjónskertra og annarra lestrarhamlaðra. Deildin hefur til umráða fjögur hljóðver.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, og tekur þannig m.a. þátt í að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi.

Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu.



06/01/68
07/01/71
08/01/74

22
37 24 04 01 01
37 24 04 01 01
37 25 03 01 01
37 26 05 01 01
37 27 05 01 01
37 27 05 01 01
37 27 06 01 01
37 27 06 01 01

37 26
37 27
37 27
37 27
37 27
37 27
37 27
37 27

Knut Hamson
Póstur

Knut Hamson
Eldna

37 33 04 01 73

37 33 07 01 82

Barðdalur
Austur

37 39 04 01 0

37 34 11 01

Eva Stern
Póstur og þess gerast

Eva Stern
Eldna og þess gerast

Eva Stern
Póstur og þess gerast

37 40 03 01 01

37 40 03 01 01

37 40 03 01 01

37 40 03 01 01

37 40 03 01 01

Mary Stewart Örnaldsson

Mary Stewart Örnaldsson

Hanna Sigfússon

37 47 17 01 76

37 47 18 01 79

37 48 06 01 10

37 48 11 01 01

37 48 13 01 01

37 48 10 01 01

37 48 11 01 01

37 48 13 01 01

37 48 10 01 01

37 48 11 01 01

37 48 11 01 01

37 48 11 01 01

37 48 11 01 01

37 48 11 01 01

37 48 11 01 01

Seinni hluti

Seinni hluti

37 47 17 01 76

37 47 18 01 79

37 48 06 01 10

37 48 11 01 01

37 48 13 01 01

37 48 10 01 01

37 48 11 01 01

37 47 17 01 76

37 47 18 01 79

37 48 06 01 10

37 48 11 01 01

37 48 13 01 01

37 48 10 01 01

37 48 11 01 01

II. Staðfest stefnumiðuð áætlun ríkisaðila

Starfsemi Hljóðbókasafns Íslands fellur undir málaflokk 18.1 Safnamál. Framtíðarsýn málefna-sviðsins er að „allir landsmenn geti aukið lífsgæði sín með því að njóta og taka þátt í öflugum og fjölbreyttu menningar-, lista-, íþrótt- og æskulýðsstarfi.“

Stefnumiðuð áætlun Hljóðbókasafns Íslands er staðfest og í samræmi við gildandi stefnu yfirvalda og var tekið mið af þeirri stefnu við gerð framtíðarsýnar.

Markmið málaflokksins í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar, velsældar-áherslur ríkisstjórnar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru:

- Að bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.
- Að efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur.
- Að efla rannsóknir og skráningu.
- Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi Hljóðbókasafns Íslands á árunum 2022–2024 eru:

- Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja megi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.
- Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar.
- Að auka samstarf við tengda aðila.
- Góð nýting fjármuna.

Stefnumiðuð áætlun Hljóðbókasafns Íslands er í samræmi við gildandi stefnu yfirvalda og var tekið mið af þeirri stefnu við gerð framtíðarsýnar og stefnumótunar safnsins.



Hljóðbókasafn Íslands hlaut hæsta styrkinn úr Bókasafnasjóði árið 2021 og var styrkurinn afhentur í janúar 2022. Á myndinni eru Lilja Alfreðsdóttir menningarráðherra og Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands. Mynd: Sigurður Bogi Sævarsson.

Gildi Hljóðbókasafns Íslands

Þegar gildi eru mótuð þarf að svara eftirfarandi spurningum:

Fyrir hvað vill Hljóðbókasafn Íslands vera þekkt?

Hvað ætti að móta menningu safnsins?

Á hvaða hátt eiga starfsmenn að sinna verkefnum sínum?

Hver er sýn og ímynd hagaðila á Hljóðbókasafn Íslands?

Hvernig sinna starfsmenn lánþegum, hagaðilum og samfélaginu í heild?

Þátttakendur á stefnumótunardegi safnsins svöruðu ofangreindum spurningum og var niðurstaðan sú að gildi Hljóðbókasafns Íslands ættu að vera:

ÞJÓNUSTA
ALÚÐ
SAMVINNA

Starfsemi safnsins snýst fyrst fremst um að veita framúrskarandi og einstaklingsmiðaða þjónustu og starfsmenn sinna starfi sínu af alúð með samvinnu að leiðarljósi.

SVÓT-greining: Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri

Við mótun á stefnu er mikilvægt að huga að greiningu á innra og ytra starfsumhverfi. Skoða þarf hvernig er hægt að byggja á styrkleikum, bæta upp veikleika, verjast ógnunum og koma auga á tækifæri. Þannig er hægt að skilgreina hvar áherslur eiga að liggja til að veita framúrskarandi þjónustu.

STYRKLEIKAR

- Mikil velvild þeirra sem nýta sér þjónustuna (góð útkoma úr þjónustukönnunum).
- Þekking og fjölhæfni starfsmanna.
- Sterkir bakhjarlar, s.s. Blindrafélagið og Félag lesblindra á Íslandi.
- Safnkosturinn telur um 12.400 titla af fjölbreyttu efni, þar af um 8.400 titla á íslensku.
- Áhugi, jákvæðni og samskiptalipurð starfsmanna sem veita persónulega þjónustu.
- Áhersla á rafrænt aðgengi og stafræna þjónustu.
- Lögbundið hlutverk er skýrt.
- Starfsemi fylgir alþjóðlegum kröfum um aðgengi.

VEIKLEIKAR

- Safnið gerir of lítinn hluta lesefnis aðgengilegan eða um 20–30% af öllu útgefnu efni á Íslandi.
- Smæð stofnunar, vantar fjármagn og starfsfólk.
- Safnkostur ekki nægilega aðgengilegur skv. nýjustu kröfum.
- Ímynd ekki nógu skýr.
- Útgefendur telja sumir safnið of opið og óttast misnotkun á þjónustu en almenningur og oft kennarar óska eftir því að safnið opni aðgang fyrir flesta, óháð vottorðum og greiningum.

ÞEKING - AÐGENGI - STÖÐUGLEIKI - ÞJÓNUSTA

ÓGNANIR

- Of lítið fjármagn getur hindrað safnið í nýsköpun og þróun.
- Lánþegahópurinn er fjölbreyttur og erfitt að framleiða bækur á einn hátt þar sem þarfir eru ólíkar.
- Kostnaður við gerð bóka og greiðslur til réttihafa gætu aukist verulega og það haft þau áhrif að færri bækur verði gerðar aðgengilegar.
- Misnotkun á aðgangi hjá þeim sem ekki eiga rétt á að nota safnkost.
- Misskilningur um hlutverk safnsins.

TÆKIFÆRI

- Alþjóðlegar kröfur um aðgengi og nýir staðlar um aðgengilegt efni.
- Breytingar til framfara: Nýr talgervill, nýr aðgengilegur vefur, þátttaka í máltækniáætlun Íslands og sjálfvirkni í framleiðslu bóka með texta.
- Samstarf í þjónustu við blinda og sjónskerta með Blindrafélaginu, Sjónstöðinni og danska hljóðbókasafninu.
- Tækifæri til að auka traust hjá birgjum og hagaðilum og auka skilning þeirra á að safnið er ekki í samkeppnisumhverfi.
- Kanna fýsileika þess að þeir sem eru að aðlagast íslensku samfélagi og tala ekki íslensku sem fyrsta tungumál fái tímabundinn aðgang að tilteknu efni Hljóðbókasafnsins.
- Að auka þjónustu, stöðugleika og gagnvirkni með auknu rafrænu aðgengi.

Framtíðarsýn fyrir árið 2025

Framtíðarsýn var sett á grundvelli hlutverks Hljóðbókasafnsins, gilda, SVÓT-greiningar og meginmarkmiða. Notuð var svokölluð Open space hugmyndafræði. Þátttakendur skráðu allar hugmyndir sínar undir lykilorðunum: ÞJÓNUSTA – TÆKNI – LÖGBUNDIÐ HLUTVERK – ÍMYND. Hver og einn þátttakandi kynnti sína hugmynd sem var síðan skráð sem markmið í sérstaka aðgerðaáætlun að framtíðarsýn til 2025.

I. Þjónusta

Á árinu 2025 er áfram persónuleg og jákvæð þjónusta hjá Hljóðbókasafninu. Áhersla er á að lánþegar geti talað beint við starfsmenn en ekki eingöngu spjallmenni á netinu. Lánþegar Hljóðbókasafnsins eru með ólíkar þarfir sem tekið er tillit til í þjónustunni en boðið er upp á tæknilausnir, s.s. netspjall, fyrir þann hóp sem getur notað þær.

Jafnt aðgengi er fyrir alla hópa og geta lánþegar notað safnkostinn á þann hátt sem hæfir hverjum og einum. Allur safnkostur er fyllilega aðgengilegur, þ.e. flestar bækur eru með hljóði, texta, neðan- og aftanmálgreinum og unnið er að myndlýsingum í bókum. Veitt er ráðgjöf svo lánþegar geti bjargað sér sjálfir.

Boðið er upp á gagnvirkni í samskiptum, þ.e. lánþegar geta sett inn rafræna beiðni varðandi bókakost (óskað eftir innlestri) og látið vita ef tölvukerfi eða bækur virka ekki. Einnig er hægt að sjá stöðu bókar sem er í vinnslu/lestri. Til að sinna ofangreindum verkefnum var aukið við stöðugildi á útlánadeild.

Á árinu 2025 hefur orðið mikil aukning í framleiðslu og er stærsti hluti íslenskrar útgáfu aðgengilegur. Húsnæði Hljóðbókasafnsins er með framúrskarandi aðgengi, þar sem hægt er að bjóða upp á persónulega þjónustu og góða starfsaðstöðu. Stöðug kynning er á starfsemiinni í gegnum kynningaráætlun Hljóðbókasafnsins.

II. Tækni

Ný vefsíða og app bjóða upp á bestu mögulegu upplýsingagjöf. Allir lánþegar geta notað appið með einföldum skipunum og er boðið upp á rafræn skilríki. Öll rafræn þjónusta virkar án vandræða og ávallt er leitað leiða til að ná niður kostnaði. Fyrir þá sem kjósa að nýta sér geisladiska áfram er boðið upp á þá þjónustu en unnið er að því að kenna eldri borgurum á rafrænar þjónustuleiðir.

Öryggi persónugagna lánþega er tryggt sem og gagnageymsla safnkosts. Reksturinn er því öruggur gegn hamförum og öðrum áföllum. Allir verkferlar eru skýrir og tryggja afköst og gæði. Góðar varnir eru gegn misnotkun á safnkosti.

III. Lögbundið hlutverk

Alþjóðlegt samstarf er öflugt og lifandi. Búið er að innleiða Marakes-sáttmálann í endurskoðuð höfundalög sem hefur eftir millisafnalán frá Norðurlöndum og víðar. Útgefendum ber að gefa út bækur á aðgengilegu formi skv. tilskipun ESB og hefur Hljóðbókasafnið eftirlit með að því sé framfylgt gagnvart menningar- og viðskiptaráðuneyti.

IV. Ímynd


Allir hagaðilar eru upplýstir og sáttir með hlutverk Hljóðbókasafnsins og ástæður fyrir nauðsyn slíks safns. Almennur skilningur er í samfélaginu á því hversu mikil áhrif lestrarhömlun hefur. Vefur og starfsemi Hljóðbókasafnsins hefur hlotið viðurkenningu fyrir aðgengi.

Hljóðbókasafnið hefur fengið nýtt nafn sem er þjálft og lýsandi. Hljóðbækur eru orðnar sterkar á almennum markaði og því var heiti stofnunarinnar Hljóðbókasafn Íslands orðið villandi gagnvart þjónustunni sem er eingöngu ætluð lokuðum hópi. Nafnabreytingin var liður í að skýra hlutverk safnsins betur og skerpa á ímynd.




Berglind Steinsdóttir, einn af lesurum safnsins.


1. Innskráning



2. Velja bók




3. Hlusta




Sp. 44. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustuna sem þú hefur fengið á síðustu 12 mánuðum hjá Hljóðbókasafninu?



■ Mjög ánægð(ur) ■ Frekar ánægð(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar óánægð(ur) ■ Mjög óánægð(ur)



Samanburður - Meðaltal (1-5)



** Samanburður við myndarkannanir sem Gallup hefur gert meðal opinberra stofnana og félagasamtaka síðan árið 2011.

	Fjöldi	%	+/-
Mjög ánægð(ur) (5)	135	80,8	6,0
Frekar ánægð(ur) (4)	28	16,8	5,7
Hvorki né (3)	3	1,8	2,0
Frekar óánægð(ur) (2)	0	0,0	0,0
Mjög óánægð(ur) (1)	1	0,6	1,2
Ánægð(ur)	163	97,6	2,3
Hvorki né	3	1,8	2,0
Óánægð(ur)	1	0,6	1,2
Fjöldi svara	167	100,0	
Töku afstöðu	167	98,2	
Töku ekki afstöðu	3	1,8	
Fjöldi aðspurðra	170	100,0	
Spurðir	170	69,4	
Ekkí spurðir	75	30,6	
Fjöldi svarenda	245	100,0	
Meðaltal (1-5)	4,8		
Víkmörk ±	0,1		

Þeir sem hafa nýtt sér þjónustu Hljóðbókasafnsins (sp. 43) voru spurðir þessarar spurningar.



Hljóðbókasafnið hefur komið mjög vel út úr þjónustukönnun sem Blindrafélagið gerir reglulega eins og sjá má hér. Myndin er fengin úr skýrslu sem Gallup vann í nóvember og desember 2021.

Aðgerðaáætlun til 2025 og eftirfylgni

Starfsfólk beggja deilda tekur þátt í að þróa leiðir til bættrar þjónustu og að huga að ólíkum þörfum lánþega og tryggja um leið að vel sé farið með undanþágugrein frá höfundalögum í aðgengisskyni. Samkvæmt endurskoðuðum höfundalögum hefur safnið sett sér starfsreglur um varnir gegn misnotkun.

Þátttakendur stefnumótunar unnu að gerð aðgerðaáætlunar út frá framtíðarsýn safnsins. Slík eftirfylgni stefnumótunarvinnu er nauðsynleg til að raungera framtíðarsýn. Sett voru fram markmið og þeim forgangsraðað. Í aðgerðaáætlunina eru skráðar leiðir að markmiði, árangursmælikvarðar, tímasetning og ábyrgðaraði lar verkefna. Aðgerðaáætlunir eru lifandi skjöl sem taka sífelldum breytingum og eru uppfærðar reglulega.

Í aðgerðaráætlun er unnið með verkefnin undir fjórum flokkum; þjónusta, tækni- og tölvukerfi, lögbundið hlutverk og ímynd.

Í þjónustuhlutanum er lögð áhersla á að veita áfram framúrskarandi, jákvæða og persónulega þjónustu og aðgengilega stafræna þjónustu sem virkar án vandræða. Framtíðarsýn safnsins byggir á að stærstur hluti íslenskrar útgáfu sé orðinn aðgengilegur árið 2025 og að lánþegar geti notað safnkostinn á þann hátt sem hæfir hverjum og einum.

Safnið er háð utanaðkomandi rekstraraðilum og í aðgerðum er varða tæknimál og tölvukerfi er mikilvægt að marka betur hvar ábyrgðin liggur og fækka þjónustuaðilum. Lögð er áhersla á að tryggja hýsingu safnkosts, öryggi gagna og varnir gegn misnotkun. Mikilvægt er að safnið eignist nýtt útlána- og upplýsingakerfi og kanni samstarf við Landskerfi bókasafna. Hljóðbókasafn Íslands tekur þátt í máltækniáætlun Íslands í gegnum Almennaróm með prófunum á talgreiningum og talgervlum.

Þjónusta

Tækni

Lögbundið hlutverk

Ímynd

Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er skýrt í lögum og í þeim liggja megin skyldur og verkefni. Safnið hefur komið vel út úr þjónustukönnunum undanfarin ár og er viðurkenning lánþega, sem sýna stofnunni mikinn velvilja, lykilatriði.

Nú er safnið að mestu rafrænt. Áskoranir felast í auknum kröfum og kostnaði vegna reksturs og umsýslu tölvukerfa og hýsingar á safnkosti.

Lögbundið hlutverk er skýrt. Í framtíðarsýn er lögð áhersla á góða nýtingu fjármuna og virkt samstarf við samráðshóp safnsins sem er skipaður af menningarmálaráðherra. Tryggja þarf rýnigögn til þess að átta sig betur á lánþegahópnum en huga jafnframt að varðveislu og meðferð upplýsinga í ljósi persónuverndar og af virðingu við lánþega.

Ímynd er mikilvæg og skýrt hlutverk sem ríkir sátt um í samfélaginu. Í ljósi breytinga á stöðu hljóðbókarinnar er lögð meiri áhersla á að vinna með hagaðilum og auka samstarf við þá. Hugsanlegt er að hlutverk safnsins breytist á næstu árum þegar útgefendum ber að gefa út bækur á aðgengilegu formi skv. tilskipun EEA og þörf verður á eftirliti. Einnig verður metið hvort safnið taki að sér hlutverk í því að aðstoða þá sem ekki tala íslensku sem fyrsta mál við að aðlagast íslensku samfélagi en slíkt krefst breytinga á lögum.

Tæknibreytingar hafa orðið miklar og nú er safnið að mestu rafrænt. Áskoranir felast í auknum kröfum og kostnaði vegna reksturs og umsýslu tölvukerfa og hýsingar á safnkosti.



Stefna og framtíðarsýn 2022–2025

Útgefandi: Hljóðbókasafn Íslands

Digranesvegi 5

200 Kópavogi

Sími: 5454900

hbs@hbs.is

www.hbs.is

Hönnun og umbrot: Svansprent

Myndir: Hljóðbókasafn Íslands, Sigurður Bogi Sævarsson

Prentun: Svansprent

© Hljóðbókasafn Íslands

Apríl 2022